

Skipulagsfulltrúi  
Finnur Birgisson  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. október 2008  
Tilvísun: UST20080900042/ksj

### **Skipulag Skeiðholts – og Tunguvegar, tillaga að breyttu aðalskipulagi og deiliskipulagi Mosfellsbæjar.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, er barst þann 4. september sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögur að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar og deiliskipulagi tengivegar frá Þverholti að íbúðarhverfi Leirvogstungu. Erindinu fylgja uppdráttir með tillögum að breyttu aðal- og deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslum og viðaukum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir

#### **Náttúruminjasvæði**

Umhverfisstofnun bendir á að þegar vötn, tjarnir og ár eru sett á náttúruminjaskrá er almennt miðað við að vernda beri vatnið sjálft, eða farveg þess, ásamt 100 m breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka eða gljúfurbrúna. Því telur Umhverfisstofnun að gera eigi grein fyrir slíku jaðarsvæði beggja vegna Varmár á skipulagsuppdraetti.

#### **Tillaga að breyttu deiliskipulagi**

Í umfjöllun um vatn kemur fram að ofanvatn af tengiveginum milli Skólabrautar og Leirvogstungu verður leitt í malarfyllta drenrás til filteringar áður en því verður skilað aftur í grunnvatnskerfið. Einnig kemur fram að drenrásin liggur austan götunnar milli hennar og göngu- og hjólreiðastígs. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir slíkri drenrás í skipulagsskilmálum. Einnig telur Umhverfisstofnun að sýna þurfi fram á að slík drenrás virki og sé nægjanleg sem filter, með teikningum og skýringum. Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu eru lífríki ána viðkvæmt, og ósasvæðið fyrir vestan tengibrautina á náttúruminjaskrá ásamt Varmánni allri og allt svæðið einnig hverfisverndað ásamt því að Varmárósar er friðland. Umhverfisstofnun telur því að auk þess að gera ráð fyrir að hreinsa ofanvatn af tengiveginum svo mengun berist ekki á vatnasvæði ána, þurfi einnig að gera ráð fyrir því að mengunaróhöpp geti orðið á tengibrautinni, sérstaklega brúarsvæðinu og gera þurfi nauðsynlegar varúðarráðstafanir þar að lútandi.

## Heilsa og öryggi

Ofangreindar tillögur munu bera með sér aukna umferð um Skeiðholtið og aukið hljóðstig frá umferð því samfara. Í umhverfisskýrslu er fylgir deiliskipulagstillögu kemur fram að jafngildishljóðstig við húsvegg tveggja húsa verður hærra en 55 dB sem eru hámarksörk samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Einnig kemur fram í umhverfisskýrslu að „*Mótvægisáðgerðir sem leiða til viðunandi hljóðstigs við húsveggi þessara tveggja húsa, geta m.a. falist í hljóðvörnum staðsettum milli lóðanna og Skeiðholts.*“ Ekki kemur fram hver hæð og breidd hljóðmana þyrfti að vera, en til að skoða sjónræn áhrif þyrfti það að liggja fyrir. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í umhverfisskýrslu sé tekin afstaða til hvaða útfærsla hljóðvarna muni henta best, en tekur undir að samráð við íbúa götunnar er einnig mikilvægt. Hér hefði mátt skoða útfærslu tveggja mismunandi kosta t.d. hljóðmanar og hljóðvarnarglers og með einkunnagjöf ákveða hvor hentaði best við Dvergholt 2 og að Lágholti 14.


Umhverfisstofnun telur að þar sem mikið traust er lagt á að 30 km hámarkshraði hafi þau áhrif að umhverfisáhrif á hljóðstig verði viðunandi nema við 2 áðurnefnd hús og að slyshætta minnki, þá þurfi mikla eftirfylgni svo hægt sé að treysta því að 30 km hámarkshraði verði virtur.

## Niðurstaða


Ljóst er að með tengivegi milli Þverholts og Leirvogstungu er verið að auka álag á Varmá sem er á náttúruminjasrá. Umhverfisstofnun tekur undir að með því að velja langa brú í stað ræsis yfir Varmá verði rask á náttúrulegu svæði framkvæmdasvæðisins minni, og það að setja skilyrði um verklag á framkvæmdatíma og að hafa framkvæmdatíma utan varptíma fugla eru jákvæðar áðgerðir.

Hvað varðar ofanvatn þarf að skýra betur virkni þeirrar drenrásar sem hreinsa skal ofanvatn af tengivegsstæði áður en það berst í grunnvatn og árnar. Einnig þarf að sýna fram á að nægilegur viðbúnaður sé fyrir hendi ef mengunaróhapp verður á brúnni eða tengiveginum nærri ánum. Varðandi hljóðvist þarf að koma skýrar fram hvaða kostir eru fyrir hendi, og hver þeirra sé líklegastur að ná besta árangri.

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun